

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 2535/97/EB

frá 1. desember 1997

um aðra aðlögun ákvörðunar nr. 1110/94/EB um fjórðu rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna (1994 til 1998)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFI,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. og 2. mgr. 130. gr. i,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

með hliðsjón af álit svæðanefndarinnar ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽⁴⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 23. september 1997,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 3. mgr. 1. gr. ákvörðunar 1110/94/EB ⁽⁵⁾ er kveðið á um að eigi síðar en 30. júní 1996 skuli Evrópuþingið og ráðið endurskoða hámark heildarupphæðar fjárframlags bandalagsins til fjórðu rammaáætlunarinnar með þann möguleika í huga að auka hana.

Í ársskýrslu 1996 um rannsóknir og tækniþróun í Evrópusambandinu er fjallað um framkvæmd fjórðu rammaáætlunarinnar á fyrsta ári hennar og þar kemur fram að

tiltæku fjármagni fyrir 1995 hafi verið ráðstafað að fullu og að þeir sem starfa við rannsóknir og iðnað hafi sýnt málinu mjög mikinn áhuga. Því hefur ekki reynst unnt að styrkja tiltekin hágæðaverkefni.

Fjárhagsáætlun Evrópusambandsins heimilar aðeins takmarkað viðbótarfjármagn til rammaáætlunarinnar um rannsóknir.

Framkvæmdastjórnin hefur heitið því að það viðbótarfjármagn sem ákveðið verður muni, hvað sem öðru líður, takmarkast við þakið sem kveðið er á um í 3. útgjaldalið núgildandi fjárhagsáætlunar í samstarfssamningi milli stofnana frá 29. október 1993 um fjárlagareglu og endurbætur í fjárlagagerð ⁽⁶⁾, samanber þó önnur forgangsverkefni í sama útgjaldalið, meðal annarra samevrópsk netkerfi.

Til þess að stuðla að því að rannsóknastarf miði eftir sem áður að samkeppnishæfi evrópsks iðnaðar á alþjóðavettvangi, lífsgæðum og sjálfbærri þróun er rétt að úthluta tilteknum áætlunum aukafjármagni.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Stök grein

⁽¹⁾ Stjútíð. EB C 115, 19. 4. 1996, bls. 1 og Stjútíð. EB C 70, 6. 3. 1997, bls. 20.

⁽²⁾ Stjútíð. EB C 212, 22. 7. 1996, bls. 24.

⁽³⁾ Stjútíð. EB C 337, 11. 11. 1996, bls. 55.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 18. júní 1996 (Stjútíð. EB C 198, 8. 7. 1996, bls. 27), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. janúar 1997, (Stjútíð. EB C 111, 9. 4. 1997, bls. 88), ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. mars 1997 (Stjútíð. EB C 115, 14. 4. 1997, bls. 135), ákvörðun Evrópuþingsins frá 21. október 1997 og ákvörðun ráðsins frá 10. nóvember 1997.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB L 126, 18. 5. 1994, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 616/96/EB (Stjútíð. EB L 86, 4. 4. 1996, bls. 69).

1. Hámark heildarfjárhæðar bandalagsins til fjórðu rammaáætlunarinnar er hér með hækkað um 115 milljónir ekna, sem úthlutað er til tiltekinnna séráætlana fyrstu aðgerðar innan fjórðu rammaáætlunarinnar eins og fram kemur í I. viðauka.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. C 331, 7. 12. 1993, bls. 1.

2. Ákvörðun 1110/94/EB breytist sem hér segir:

— í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„Hámark heildarfjárhæðar bandalagsins til fjórðu rammaáætlunarinnar skal vera 11 879 milljónir ekna. Af þessari upphæð eru 5 449 milljónir ekna fyrir tímabilið 1994 til 1996 og 6 430 milljónir ekna fyrir tímabilið 1997 til 1998.“

— Í stað I. viðauka komi texti II. viðauka við þessa ákvörðun.

Gjört í Brussel 1. desember 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

J.M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-C. JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

	Leiðbeinandi sundurliðun á viðbótarfjármagni eftir efnissviðum og viðfangsefnum í séráætlunum í fyrstu aðgerðinni	Upphæð í milljónum ekna
A.1	<p>Gagnaflutningsþjónusta(*)</p> <p>a) Fræðslumargmiðlun: tilraunir með nýjungar í kennslu, rannsóknir og tilraunir með gagnaflutningsþjónustu við menntun kennara; þróun og viðurkenning sérhæfðs margmiðlunarkennsluefnis og -þjónustu</p> <p>b) Rannsóknir til að efla samþætta flutninga; gagnaflutningskerfi fyrir samþætтан netrekstur og umferðarstjórnun, einnig hvað varðar upplýsingar og virðisaukaþjónustu</p>	10 5
A.3	<p>Upplýsingatækni (*)</p> <p>a) Tilraunir með IT-aðferðir og -tæki til eflingar dreifðri og samskeiða þróun tæknibúnaðar til notkunar í flugi</p> <p>b) Efling margmiðlunarstöðvna vegna fræðslumargmiðlunar; rekstrarsamhæfi fræðsluþjónustukerfa og -frankvæmdaráætlana</p> <p>c) Þróun samsteypukerfis fyrir gögn frá fjölskynjurum, skráa yfir fingraför og undirskriftir og kerfisheildar vegna jarðsprengjuleitarkerfa</p>	10 2 15
B.4	<p>Iðnaðar- og efnistækni (*)</p> <p>a) Flutningatækni: tilraunir með dreifða og samskeiða þróun tæknibúnaðar og aðferða sem miða að því að lækka kostnað við þróun og framleiðslu loftfara</p> <p>b) Hönnun og byggingartækni, kerfisþróun og starfsmannastjórnun; tilraunamedferð á vettvangi og endurnotkun fyrir vatnsfrek vinnsluferli, einnig samþætt tækni sem byggir á lokaðri hringrás, í þeim tilgangi að spara vatn og draga úr mengun</p>	10 5
C.6	<p>Umhverfi og veðurfar (*)</p> <p>— Náttúrulegt umhverfi, gæði umhverfis og hnattrænar breytingar: skipulegar rannsóknir á greiningaraðferðum til að meta vensl neyslu og mengunar með gerð líkana og verkfæra með sjálfbæran vatnsbúskap að markmiði</p> <p>— Áhrif umhverfisbreytinga á mannlíf: rannsóknir á efnahagslegu mati á fjárfestingum í meðferð á vettvangi, endurnotkun og varðveislu vatns</p>	7
D.8	<p>Líftækni</p> <p>Smitandi og meðalbráð svamplík heilamein með sérstakri áherslu á smitvaldinn, uppgötvun, greiningu og meðferð með aðferðum líftækninnar; rannsóknir á bólusetningum eftir sjúkdómum; slímhúðarónæmi og losunarkerfi</p>	7,5
D.9	<p>Rannsóknir á sviði líflæknisfræði og heilsuverndar</p> <p>Smitandi og meðalbráð svamplík heilamein með sérstakri áherslu á sams konar kvilla í mönnum, einnig klínískar og faraldsfræðilegar rannsóknir, áhættumat, uppgötvun, meðferð og greining, samhæfing aðgerða innanlands; rannsóknir á bólusetningum við tilteknum smitsjúkdómum</p>	16
D.10	<p>Landbúnaður og fiskveiðar</p> <p>Smitandi og meðalbráð svamplík heilamein með sérstakri áherslu á hagnýtar rannsóknir á dýrum, einnig nýtingu fyrirbyggjandi líftæknifræðilegra aðferða og tækni</p>	11,5

	Leiðbeinandi sundurliðun á viðbótarfjármagni eftir efnissviðum og viðfangsefnum í séráætlunum í fyrstu aðgerðinni	Upphæð í milljónum ekna
F.12	Flutningar (*) Tilraunaverkefni með samþætt vöruflutninga- og dreifingarkerfi, einkum á þéttbýlissvæðum, og háþrúð heildarkerfi til að tryggja framboð og stjórnun samþættrar farþegaflutningaþjónustu	7
E.11	Orkumál Rannsóknir og þróun á þunnfilmuhlöðum („thin-film cells“), aðlögun endurnýjanlegra orkugjafa og vatnsbúskapar, tilraunaverkefni á sviði orkusparnaðar í samgöngum	9
	Samtals	115

(*) Einstakar fyrirhugaðar áætlanir sem að hluta til munu ná að til rannsókna í bílaiðnaði

II. VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

FJÓRÐA RAMMAÁÆTLUN (1994 til 1998)
FJÁRHÆÐIR OG SUNDURLIÐUN

	Milljónir ekna	
Fyrsta aðgerð (rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni)	10 160	(¹) (²)
Önnur aðgerð (samvinna við þriðju lönd og alþjóðastofnanir)	575	
Þriðja aðgerð (dreifing og hagnýting á niðurstöðum)	352	(³) (⁴)
Fjórða aðgerð (aflvaki menntunar og hreyfanleika rannsóknarmanna)	792	
<i>HÁMARK HEILDARFJÁRHÆÐAR</i>	11 879	

Leiðbeinandi sundurliðun eftir efnissviðum og viðfangsefnum í fyrstu aðgerðinni *Milljónir ekna (núverandi fjárhæðir)*

A. Upplýsinga- og fjarskiptatækni	3 668	
1. Gagnaflutningsþjónusta	913	
2. Fjarskiptatækni	671	
3. Upplýsingatækni	2 084	
B. Iðntækni	2 140	
4. Iðnaðar- og efnistækni	1 833	
5. Mælingar og prófanir	307	
C. Umhverfismál	1 157	(⁵)
6. Umhverfi og veðurfar	914	
7. Hafrannsóknir og tækni	243	
D. Lífvísindi og líftækni	1 709	
8. Líftækni	595,5	
9. Líflæknisfræði og heilsuvernd	374	
10. Landbúnaður og fiskveiðar (þar með talinn búvöruíðnaður, matvælaíðnaður, skógarnytjar, fiskeldi og byggðapróun í dreifbýli)	739,5	
E. 11. Orka önnur en kjarnorka	1 076	
F. 12. Flutningar	263	
G. 13. Markvissar félagshagfræðilegar rannsóknir	147	
	10 160	

(¹) Þar af skulu 639 milljónir ekna fara til rekstrar sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar SRM.

(²) Þar af skulu 96 milljónir ekna fara til þeirra vísinda- og tæknilegra stuðningsaðgerða með sem hafa samkeppni að leiðarljósi og falla undir verkefni.

(³) Að frátöldum þeim fjárfunum sem úthlutað er til þriðju aðgerðarinnar mun að jafnaði varið 1% af heildarfjárveitingu fjórðu rammaáætlunarinnar til útbreiðslu og hagnýtingar á niðurstöðum þeim sem fást með fyrstu aðgerðinni. Þess verður gætt að nán samræming verði viðhöfð milli fyrstu og þriðju aðgerðar þegar kemur að útbreiðslu- og hagnýtingarstarfi sem unnið er í tengslum við einstök verkefni.

(⁴) Þar af skulu 40 milljónir ekna fara til sérstaks vísinda- og tæknistuðnings við önnur verkefni innan bandalagsins sem úthlutað verður til á samkeppisgrundvelli.

(⁵) Einnig mun unnið að umhverfistengdum rannsóknarverkefnum í sambandi við aðra þætti fyrstu aðgerðar, einkum á sviði iðntækni, orkumála og samgangna.“